

Ríkisstjórnin styður frumvarpið um aðstoð við vangefið fólk

Brýn þörf á stofnun nýrra hæla fyrir vangefna

Við 1. umræðu frumvarpsins um aðstoð við vangefið fólk skýrði Hannibal félagsmálaráðherra svo frá, að forvígismenn hins nýstofnaða félags til styrktar vangefnum hefðu haft samráð við ríkisstjórnina um þær fjárförlunarleiðir sem frumvarpið kveður á um, og styðji ríkisstjórnin frumvarpið. En hitt hefði þótt heppilegra að fá flutningsmenn úr öllum flokkum þingsins til að skapa einhug um málið.

Á fundi efri deildar Alþingis í gær var málið til 1. umræðu og flutti Alfreð Gíslason, fyrsti flutningsmaður ýtarlega fram-söguræðu og fer hér á eftir meginefni hennar.

Eins og kunnugt er hafa sálfræðingar aðferðir til að mæla almenna greind manna. Með sérstökum prófum reikna þeir út svonefnda greindarvísitölu, og er meðalgreind táknuð með tölunni 100. Fari vísitalan niður fyrir 75, er greindarskorturinn talinn óeðlilegur eða sjúklegur og nefndur fávítaháttur. Er venjulega greint á milli þriggja stiga hans, þótt skörp takmörk sé þar raunar hvergi að finna. Þannig hafa örvitar greindartölu neðan við 30 og geta svo til ekkert numið, hálfvitar hafa greindarvísitölu á milli 30 og 50 og ná aldrei vitsmunaproska 13 ára barns, og loks eru fáraðlingar með vísitöluna 50—75, og er það stigið lang fjölmennast.

Eru um 1600 vangefnir á Íslandi?

Engar öruggar skýrslur eru til um fjölda fávita hér á landi, enda hafa aldrei farið fram neinar viðtækar rannsóknir þess efnis. En í ýmsum ná-grannalöndum okkar hafa slíkar athuganir verið geraðar og leitt í ljós, að um 2% íbúanna eru sjúklega vangefnir. Er þá markið sett við greindartöluna 75. Sé hinsvegar léttustu tilfellunum sleppt og þeir aðeins taldir, sem hafa greindartölu undir 70, þá lendir þar í flokki aðeins um 1% íbúanna.

Það mun óhætt að gera ráð fyrir því, að hlutfallstala fávita hér sé svipuð og í ná-grannalöndunum, og samkvæmt því ættu þá að vera á Íslandi nálægt 1600 manns svo vangefnir, að greindarvísitala þeirra liggur fyrir neðan 70. Þótt hér sé um ótvíræða fávita að ræða, fer því fjærri, að allur sá hópur þarfnist vistar á hælum. Hitt er vafalaust, að öllu vangefna fólki þurfi að veita betri uppfræðslu og leiðsögu og virkari aðstoð til sjálfsbjargar en það hing-að til hefur átt kost á.

Sérfróðir menn áætla, að tala þeirra fávita, sem nú þarfnast hælsvistar hér, sé um 500. Er þá miðað við þá örvita og hálfvita, sem verulegum og stöðugum erfiðleikum valda í heimahúsum. Í fávitaælum landsins dveljast nú líðlega 120 vistmenn, svo að mikið vantar á, að þörfinni sé fullnægt í þessu efni. Fjögur fávitaæli eru á landinu. Að Sólheimum í Grímsnesi eru 32 vistmenn, í Skálátúni 26, á Kleppjárnsvæðinu 26 og í Kópavogshæli 39 vistmenn, og öll munu hælir vera yfirfull.

Í Kópavogi hefur ríkið reist fávitaæli, en því miður hefur mikill seinangangur verið á framkvæmdum þar. Fullgerð húsaþykki eru ætluð 30 vist-mönnum, þótt 39 dveljist þar nú. Ný bygging er í smíðum og langt komin, og á hún að

rúma um 45 vistmean. Gallinn er sá, að rúmafjöldinn í landinu kemur ekki til með að aukast sem þessu nemur, því að ráðgert er að leggja Kleppjárnsvæðinu niður og flytja þar 26 vangefna stúlkur sem þar dveljast, í Kópavogshælið.

Fyrirhuguð er að reisa þriðja húsið í Kópavogshæli, álíka stórt og hvort hinna, sem þegar eru risin af grunni. Enn þá er sú framkvæmd ekki hafin, og enn er starfsmannahús óreist, sem mikið þörf er þó fyrir. Það er því óhætt að segja, að mikilla umbóta er ekki að vanta í þessum hælismálum, nema rösklegar verði tekið til hendi en tíðkæpt hefur til þessa.

Brýnust þörfin á fávitaælum

Á aðalfundi Læknafélags Íslands var fyrir fáum árum rætt um sjúkrahúsaskortinn í landinu. Gætti þeirrar skoðunar þar mest, að einna brýnust væri þörfin á aukningu húsrýmis fávitaælanna, og var þó þörfin talin brýn víðar í þeim efnum. Landlæknir er, að því eg bezt veit, sömu skoðun-ar. Einnig hefur borgarlæknirinn í Reykjavík hvað eftir annað bent á þessa nauðsyn.

En það verður að gera fleira en byggja hæli handa þeim hundruðum fávita, sem verst eru farnir. Það er líka þörf á að koma upp dagheimilum og æfingaskólum handa þeim vangefna börnum, sem geta dvalið heima hjá sér. Með slíkum stofnunum má mikið létta byrði raunamæðra foreldra og samtímis kenna þessum ógæf-sömu börnum og þjálf þau. Vangefna ungu fólki þarf að sjá fyrir starfskennslu og síðar starfsmöguleikum eftir því sem við verður komið. Leiðbeinandi eftirlit ætti að hafa með þessu fólki. Því betra sem slíkt eftirlit er, því færri verða vand-ræðamennirnir í þjóðfélaginu.

Félagsskapur stofnaður

Hér er um að ræða mikið mannúðar- og menningarmál. Verkefnið er mörg og flest óleyst. Þessvegna ber að fagna því, að nýlega var stofnað til félagsskapar um þetta mál. Styrktarfélag vangefinna var myndað 23. marz sl. og hefur

Færeyskt sjómannaheimili vígt hér í Reykjavík í gær


Í gær fór fram vígsla á nýju að þessari byggingu með fjár-sjómannaheimili Færeyinga sem stendur við Skúlagötu. Var all-margt manna viðstatt vígsluna, þar á meðal ambassadur Dana Knuth greifi, Djurhus lögmaður í Færeyjum, Joensen prófastur í Þórshöfn, en hann vígði hús-ið, Eysteinn Jónsson ráðherra, Gunnar Thoroddsen borgarstjóri og Ásmundur Guðmundsson biskup.

Margar ræður voru fluttar og skýrt frá hverjir hefðu staðið

þegar lagt hönd á plógina. Þetta félag hyggst vinna að því,

1. að komið verði upp hælum handa vangefna fólki, sem nauðsynlega þarf á hælsvist að halda,

Framhald á 5. síðu.



Ásgerður sýnir vefnað

Myndvefnaður og glermyndir

Ásgerður Ester Búadóttir og Benedikt Gunnarsson halda samsýningu í Sýningarsalnum

Sýningin verður opnuð í dag kl. 4 fyrir boðsgesti og fyrir almenning kl. 5. Sýningin er opin daglega frá kl. 2—10 og stendur yfir til 1. maí.

Benedikt Gunnarsson er f. 1929. Hann lauk námi frá Handíða- og myndlistaskólanum 1948, stundaði síðan nám við Listaháskólann og Ríkis-listasafnið í Kaupmannahöfn, dvaldi síðan um skeið á Frakklandi og Spáni. Hann hélt fyrstu sjálfstæðu málverkasýninguna 1953 í Galerie Saint Placid í París. Árið 1954 hélt hann sjálfstæða sýningu í Listamannaskólanum. Hann hefur tekið þátt í mörgum samsýningum íslenskra myndlistarmanna bæði hérlendis og erlendis, síðast í alþjóðasamsýningunni í Moskvu.

Þetta er fyrsta sýning Benedikts á glermyndum en hann hefur málað sl. ár á gler með þar til gerðum litum sem hleypa vel ljósinu í gegnum sig. Hann hefur haft myndir áður á samsýningum í Sýningarsalnum og hefur í hyggju að setja upp stóra einkasýningu í haust.

ÞJÓÐVILINN

Laugardagur 19. apríl 1958 — 23. árgangur — 89. tölublað

Sænsk bókasýning opnuð á morgun í bogasal Þjóðminjasafnsins

Þar verða til sýnis 1800 — 2000 bækur frá 33 sænskum bókaútgáfufélögum

Á morgun kl. 2 e.h. verður opnuð sænsk bókasýning í bogasal Þjóðminjasafnsins. Eru það Ísafoldarprent-smiðja og bókaútgáfan Norðri, er gangast fyrir henni.

Í gær var fréttamönnum boðið að skoða sýninguna, þegar verið var að ganga frá henni. Á henni eru 1800—2000 bækur af öllum tegundum, mest þó ýmis sænsk skáldverk og þýðingar erlendra verka, er ekki hafa verið gefin út hér á landi. Þarna verða sem sagt bækur við allra hæfi og margar mjög gírnilegar fyrir bókamenn. Og allur ytri búningur bókanna er svo vandaður og smekklegur, að íslenskir bókaútgefendur gætu margt af þessari sýningu lært.

Allar bækurnar, sem á sýningunni eru, hafa hinir sænsku aðilar gefið sýningarnefndinni og munu þar væntanlega fengnar Menntamálaráðuneyt-

inu í hendur til ráðstöfunar. Bækurnar verða því ekki til sölu á sýningunni sjálfri en með hverri sýningarskrá verður láttinn fylgja pöntunarseðill, sem sýningargestir geta útfyllt, og munu forlögin, er að sýningunni standa annast útvegum bókaútgáfufélögunum.

Í tilefni af sýningunni eru komnir hingað til lands fimm Svíar. Herman Stolpe, útgáfustjóri, sem er fulltrúi samtaka sænskra bókaútgefenda, Eyvind Johnson, rithöfundur, Sven Rinman, yfirbókavörður við konunglegu bókhöðuna í Stokkhólmi, Áke Runnquist, ritstjóri B.L.M. og Greta Helms, sölustjóri stærsta bókaútgáfufyrirtækis Svía, Bonn-iers.

Sænski sendiherrann hér á landi, Sten von Euler-Chelmin, mun opna sýninguna á morgun, en auk hans munu tala við það tækifæri Herman Stolpe, Eyvind Johnson og Sven Rinman svo og Gylfi P. Gíslason menntamálaráðherra.

Sýning hessi er í alla staði hin myndarlegasta og ber því vitni, að Svíar eru mikið bóka-hið. En í Svíþíð eru gefnar út árlega 5—6 húsund bækur. Má til samanþýðar geta þess, að t.d. í Bandaríkjunum koma ekki út árlega nema um 12 húsund bækur. Og harna er til sýnis margt af öndvergisverk-um sænskra bókmennta.

Sveinbjörn Jónsson boðinn til Noregs

Hingað kom í fyrra leikflokkur frá Norsk Riksteter í Ósló og hélt sýningar víðsvegar um land. Var komu þessara góðu gesta vel fagnað, að verðleikum.

Sveinbjörn Jónsson formaður Bandalags ísl. leikfélaga sá um móttöku leikflokksins hér og hefur flokkurinn nú boðið honum til háls mánaðar dvalar í Noregi til þess að kynna sér norska leiklist. Fer Sveinbjörn Jónsson til Noregs í dag.

Svæfingalæknir á Hvítabandinu

Bæjarráð hefur samkvæmt tillögu yfirlæknis Hvítabands-spítalans og borgarlæknis fallið á að ráðinn verði fastur svæfingalæknir að Hvítabands-spítalanum og annist hann jafnframt ýmis rannsóknar-störf. Hefur þessum störfum verið gegnt að undanfögnu af Þorbjörgu Magnúsdóttur lækni en hún aðeins verið lausráðin.

Viðræðum þeirra Adenauers og Macmillans lauk með tveggja klst fundi í London í gær.



Benedikt sýnir glermyndir

nokkrum sýningum, nú síðast á samnorrænu sýningunni í Gautaborg, þar sem henni var boðið að sýna þrjá vefnaði. Einnig átti hún vefnaði á alþjóðlegu sýningunni í München sumaði 1956 og hlaut þá gull-verðlaun sýningarinnar fyrir eina mynd sína. Þetta er þó í fyrsta sinn, sem hún efnir til sjálfstæðrar sýningar.

Ásgerður sýnir nú 10 vefnaði, sem allir eru unnir úr íslensku bandi.